

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR réttingaverkstæði og skyldan rekstur

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur réttingaverkstæða, breytingaverkstæða, púst- og hemlaverkstæða, rúðuverkstæða, verkstæðisaðstöðu rekstraraðila og annan skyldan rekstur.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	550/2018 og rgl. nr. 112/2012	
2.2	Óheimilt er að hafa í óhirðu á lóð lausamuni s.s. bílhræ, málmúrgang, ónýtar bílrúður og annan úrgang þannig að snúi að almannafæri eða valdi slysaþættu	737/2003	
2.3	Gámum og ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.4	Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
3.2	Hafa skal gildru á fráveitulögn frá þeim rýmum þar sem hætta er á fyllingar- og spartlryki, olíuleysar og að önnur hættuleg efni berist í fráveituvatn, verði því við komið. Ef fráveita frá verkstæði er ekki tengd við fráveitu sveitarfélags skal hún ávallt tengd samþykktri olúgildru.	798/1999 5. gr.	
3.3	Ef olúgildra er á fráveitulögn skal hafa með henni reglubundið eftirlit og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1998 5. gr.	
3.4	Halda skal notkun olúhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápuefni og/eða olúhreinsa.	798/1999 5. gr.	
3.5	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag.	798/1999 5. gr.	
3.6	Hafa skal punktsog eða annan sogbúnað til að fanga ryk frá slípivinnu.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999	
3.7	Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999	

4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Staðsetja skal tanka og tunnur undir olíuefni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyrum eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir.	sbr. gr. 3.5 fylgiskjali með auglýsingu nr. 582/2000	

5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Ópressaðar olíusúrur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Þurrum, pressuðum olíusúrum má skila með öðrum málmúrgangi.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
5.2	Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5.3	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999	
5.4	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.